

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/48/EB fellur úr gildi 12. maí 2010 tilskipun ráðsins 87/102/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að sú breyting komi til framkvæmda 12. maí 2010.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB):
„7h. **32008 L 0048**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).“
2. Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 87/102/EBE) falli brott og kemur sú breyting til framkvæmda 12. maí 2010.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/48/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.